

Laugardaginn 18. apríl 1942.

Nr. 10/1941. Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags  
Reykjavíkur

gegn

Félagi íslenzkra botnvöruskipaeigenda.

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings  
um stríðsáhættuþóknun til sjómanna.

#### Dómur.

Málavextir eru þeir, að þann 16. júlí 1941 gerði Sjómannafélag Reykjavíkur ásamt öðrum sjómannafélögum samning við Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda um stríðsáhættuþóknun sjómanna. Síðasta málsgr. 1. gr. samnings þessa hljóðar svo:

„Áhættuþóknun er 300% og miðast við kr. 232.00 mánaðarkaup á togara, sem stundar veiðar og siglir með aflann, og kr. 270.00 mánaðarkaup á togara, sem eingöngu kaupir fisk eða er leigður til flutnings.“

En í 4. gr. sama samnings segir svo:

„Til viðbótar áhættuþóknun (samanber 1. grein), sem ákveðið er í samningi dagsettum 4. maí 1940 milli þessara aðilja, og samningsbundnum launum skal greiða skipverjum viðbótaráhættuþóknun fyrir siglingar milli Íslands og annara landa, sem hér segir:

.....

Hverjum undirmanni  $\frac{3}{4}$ % af brúttó söluverði aflans.“

Í lok septembermánaðar ákváðu brezk yfirvöld, að gjald, er nam 6 pence pr. „stone“ eða 5 sh á „kitt“, og sem áður hafði verið tekið af heildsölum alls fisks í Bretlandi, skyldi framvegis tekið af uppboðsandvirði innflutts fisks til Bretlands, eða fyrstu seljendum þar. Jafnframt var sett nýtt hámarksverð á fisk, er nam 70 sh á „kitt“, að því er þorsk o. fl. fisktegundir varðaði. Síðar, eða um áramótin 1941 og 1942, var þessu fyrirkomulagi þó aftur breytt þannig, að nefnt gjald var þá tekið af kaupendum fisksins í Englandi, en jafnframt var 70 sh hámarksverðið lækkað niður í 65 sh.

Meðan nefnt gjald var tekið af uppboðsandvirði fisksins, eða fyrstu seljendum, reiknuðu togaraeigendur, sem sendu

skip sín með isfisk til Englands, eða a. m. k. sumir þeirra, viðbótaráhættuþóknun sjómanna samkv. 4. gr. nefnds sammings þannig út, að þeir lögðu til grundvallar söluverð aflans, að frádregnum nefndu gjaldi, 5 sh pr. „kítt“. Jafnframt drógu þeir frá söluverðinu kaupverð þess fisks, sem ekki hafði verið aflað á skipinu sjálfu, heldur keyptur í það.

Sjómannafélögin töldu þessa reikningsfærslu brjóta í bág við framangreind sammingsákvæði, og með því að ekki fékkst samkomulag um þetta höfðaði Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Sjómannafélags Reykjavíkur mál þetta gegn Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda með stefnu dags 15. des. f. á. Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði, að meðlimum Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda beri að gera upp við skipverja samkvæmt 4. gr. áðurnefnds sammings frá 16. júlí 1941, án nokkurs frádráttar vegna fisktolls í Englandi, og
2. að þeim verði talið óheimilt, að draga verð aðkeypts fisks frá brúttó söluverði, áður en áhættuþóknunin er reiknuð út.

Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar frá honum eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt 4. gr. framannefnds sammings skuli viðbótaráhættuþóknunin reiknuð af brúttósöluverði aflans, en það hljóti að merkja söluverð aflans, án nokkurs frádráttar. Það hafi því verið með öllu óheimilt, að draga 5 shillinga gjaldið frá söluverðinu meðan fiskinnflytjendur stóðu skil á því, þar sem eins standi á um þetta gjald eins og annan kostnað við útgerðina. Telur stefnandi, að til þess að heimilt hefði verið að draga umrætt gjald frá söluverðinu, hefði þurft sérstaka heimild, en hún sé ekki fyrir hendi.

Að því er varðar síðari kröfuflið stefnanda, um frádrátt útgerðarmanna á verði aðkeypts fisks, heldur hann því fram, að orðið „aflí“ í 4. gr. oftnefnds sammings frá 16. júlí 1941, nái bæði til þess fisks, sem skipið hefur veitt og þess, sem keyptur kann að hafa verið í það. Þá heldur hann því og fram, að áhættuþóknunin samkv. 4. gr. sé sérstaklega fyrir áhættuna við það, að sigla til annara landa, en sú hættu sé

jöfn, hvort heldur að siglt sé með fisk, sem aflað hefur verið af skipinu sjálfu, eða í það keyptur.

Sýknukröfu sína, að því er varðar fyrri dómkröfu stefnanda, byggir stefndur á því, að í fyrstu hafi hið umdeilda 5 shillinga gjald, sem sé kostnaður við dreifingu fiskisins í Bretlandi, verið innheimt hjá brezkum fiskheildsölum. En þetta sé tillag, sem greiða verði vegna alls fiskis, sem seldur sé í Bretlandi, hvort heldur um útlendan eða innlendan fisk sé að ræða. Þann 29. sept. f. á. hafi þessu hins vegar verið breytt þannig, að gjald þetta hafi þá verið tekið af uppboðsandvirði hans, eða fyrstu seljendum, en jafnframt hafi þá hámarksverð á fiski í Englandi verið hækkað sem nam gjaldinu, eða í 70 sh pr. „kitt“. Þessu fyrirkomulagi hafi enn verið breytt um s. l. áramót, þannig, að 5 sh gjaldið hafi þá aftur verið tekið af fyrstu kaupendum fiskisins í Englandi og hámarksverðið þá jafnframt lækkað aftur um það, sem gjaldinu nam, eða í 65 sh. pr. „kitt“. Telur stefnandi, að með þessu sé sýnt, að í raun og veru hafi fiskinnflytjendum verið gjald þetta jafn óviðkomandi eftir að farið var að taka það af söluverði fiskisins og áður, meðan heildsalar í Englandi greiddu það, þar sem hámarksverðið hafi ýmist verið hækkað eða lækkað í samræmi við þessa breytingu á innheimtu gjaldsins Hér hafi aðeins verið um mismunandi innheimtuaðferðir að ræða hjá brezkum yfirvöldum, sem ekki geti leitt til þess, að gjald þetta verði í raun og veru talið til kostnaðar við útgerð skipsins, þótt það hafi þannig á tímabili verið tekið af söluverði aflans, af innheimtuástæðum.

Þá hefur stefnandi og fært það fram til stuðnings sýknukröfu sinni, að áður fyrr, er 10% innflutningsgjald var á fiski fluttum til Bretlands, hafi yfirleitt verið venja, að draga það frá brúttósöluverði aflans áður en reiknuð voru út aflaverðlaun skipstjóra, 1. stýrimanns og vélstjóra, þótt þeir hefðu þá samið um þóknun, miðaða við brúttó söluverð aflans. Telur stefnandi þannig hafa skapast venju um þetta, sem beita eigi við skýringu á hér greindu sammingsákvæði, sem sé í fullu samræmi við nefnd ákvæði í eldri samningum yfirmanna skipanna

Sýknukröfu sína, að því er varðar 2. kröfulið stefnanda, byggir stefndur á því, að samkvæmt umræddu sammingsákvæði beri aðeins að greiða áhættuþóknun af söluverði „afl-

ans“, en keypur fiskur falli alls ekki undir það hugtak. En þó svo yrði talið, þá skeri eldri venja hér úr, því það hafi verið föst venja við framkvæmd sams konar samningsákvæðis í samningum togaraeigenda við ofangreinda yfirmenn skipanna, og svo um samið, að verð keypts fisks hafi verið dregið frá brúttósöluverðinu, áður en aflaverðlaunin voru reiknuð út.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt því, að eðli umrædds 5 sh. gjalds, eða það, hvaða aðferð brezk yfirvöld beiti við innheimtu þess, geti á nokkurn hátt heimilað útgerðarmönnum frádrátt þess, er það er tekið af söluverði aflans, og hefur hann véfengt skýrslu stefnda um það, hversu háttáð hafi verið breytingum á hámarksverði fisksins. Þá mótmælir hann því eindregið, að nokkur hliðsjón verði höfð af því í þessu máli, hversu háttáð hafi verið framkvæmd á framangreindum samningum við yfirmenn skipanna, því þar hafi ekki verið um neina fasta venju að ræða. Enn fremur hafi samningsaðiljar verið aðrir. Hins vegar hafi meðlimir Sjómannafélags Reykjavíkur aldrei verið bundnir slíkum samningum, og séu þeir því félagi algerlega óviðkomandi.

Verða kröfur stefnanda nú teknar til athugunar:

*Um 1.* Samkvæmt 4. gr. nefnds samnings frá 16. júlí 1941 ber að reikna áhættuþóknunina af brúttósöluverði aflans, og verður að skilja ákvæðið svo, sem þar sé átt við söluverð aflans, án nokkurs frádráttar. Er orðalag þessa ákvæðis skýrt og afdráttarlaust og virðast engar undantekningar leyfðar, að því er það snertir. Umdeilt 5 sh gjald verður ekki talið vera svo frábrugðið öðrum sköttum og gjöldum útgerðarinnar, að um það eigi að gilda sérreglur. Og það þykir ekki geta ráðið úrslitum í þessu sambandi þótt aðeins hafi verið um innheimtuástæður að ræða, úr því að gjaldið var tekið af söluverði fisksins, enda er ekki sannað, að svo náíð samband hafi verið milli breytinga á hámarksverði fisksins og innheimtufyrirkomulagi oftnefnds gjalds, sem stefndur hefur haldið fram. Krafa stefnda, að sýkna af þessum kröfulið stefnanda verði byggð á framkvæmd áður nefndra samninga við yfirmenn skipanna verður ekki heldur tekin til greina, þegar af þeirri ástæðu, að ekki er sannað, að þar hafi verið um fasta venju að ræða. Ber því að taka þessa kröfu stefnanda til greina.

*Um 2.* Samkvæmt síðustu málsgr. 1. gr. oftnefnds samn-

ings frá 16. júlí f. á. ber að greiða áhættuþóknun, þó tog-  
arar kaupi fisk eingöngu. En í 4. gr. sama samnings, þar sem  
rætt er um viðbótaráhættuþóknunina er beinlínis vísað til  
áhættuákvæðanna í 1. gr. Er því ljóst, að viðbótaráhættu-  
þóknunina ber einnig að greiða til þeirra sjómanna, er sigla  
eingöngu með keyptan fisk til útlanda. Orðið „afli“ í 4. gr.  
merkir því bæði keyptan og veiddan fisk, og skiptir þá ekki  
máli, hvort keypti fiskurinn er aðeins hluti af farminum, eða  
allur farmurinn. Með tilvísun til þess, sem nú er rakið, og  
greinargerðar stefnanda um þennan kröfulið, ber að taka  
þessa kröfu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndur greiði stefnanda kr.  
150.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Meðlimum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda  
ber að reikna viðbótaráhættuþóknun, samkvæmt 4. gr.  
frammanefnds samnings frá 16. júlí 1941, af brúttó sölu-  
verði farmsins, án frádráttar vegna framangreinds 5 sh  
gjalds pr. „kítt“, og þeim er óheimilt að draga verð  
keypts fisks frá brúttó söluverði farmsins áður en greind  
viðbótaráhættuþóknun er reiknuð út.

Stefndi, Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda,  
greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjó-  
mannafélags Reykjavíkur, kr. 150.00 í málskostnað  
innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri að-  
för að lögum.

Föstudaginn 22. maí 1942.

Nr. 8/1941. Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags  
Dalvíkur.

gegn

Sigfúsi Þorleifssyni.

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings um  
hlutaskipti sjómanna á sildveiðum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 11. nóv. f. á., af  
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Dalvíkur gegn